

Íslensk getspá
Samandreginn ársreikningur 2017

Íslensk getspá
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Kt. 600886-1189

Efnisyfirlit

| | |
|--|------|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 2 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 3-4 |
| Samandreginn tekju- og gjaldareikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 7 |
| Skýringar | 8-11 |

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið rekur talnagetraunir samkvæmt heimild í lögum nr. 26/1986.

Samkvæmt tekju- og gjaldareikningi nam tekjuafgangur á árinu 2017, 1.486,8 millj. kr. og eigið fé í lok þess nam 2.062,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Arðgreiðslur til eignaraðila af tekjuafgangi ársins námu 1.452,4 millj. kr. á árinu. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 77,7 millj. kr. og lagðar voru 54,1 millj. kr. í varasjóð af tekjuafgangi ársins. Varðandi aðrar eignabreytingar er vísað til skýringa í ársreikningi.


Stofnfé félagsins í árslok 2017 nam 3,3 millj. kr. Eignaraðilar eru þrír eins og í ársbyrjun og greinist eignaraðild þannig:

| | |
|--|--------|
| Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands | 46,67% |
| Öryrkjabandalag Íslands | 40,00% |
| Ungmennafélag Íslands | 13,33% |

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 11. apríl 2018

Í stjórn félagsins:


Tæn Ulfur M.
Óm Guðmann
Þórunn
Guðna Magnason
Lilja Þorgeirsdóttir

Framkvæmdastjóri:


Stefur Þorbjörnsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Íslenskrar getspár

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenskrar getspár fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, tekju- og gjaldareikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Íslenskrar getspár á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Íslenskri getspá í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Íslenskrar getspár.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Endurskoðun okkar byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits Íslenskrar getsþár.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 11. apríl 2018

BDO ehf.



Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Samandreginn tekju- og gjaldareikningur fyrir árið 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|-------|----------------------|----------------------|
| Tekjur | | | |
| Tekjur af sölu lottóleikja | | 4.326.169.322 | 4.777.150.834 |
| Gjöld: | | | |
| Vinningar | | 1.949.497.934 | 2.090.325.671 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 898.122.926 | 914.018.688 |
| Afskriftir | | 120.312.862 | 116.528.999 |
| | | <u>2.967.933.722</u> | <u>3.120.873.358</u> |
| Tekjuafgangur án fjármunatekna | | 1.358.235.600 | 1.656.277.476 |
| Hreinar fjármunatekjur | | <u>128.613.331</u> | <u>132.652.473</u> |
| Tekjuafgangur ársins | 15 | <u>1.486.848.931</u> | <u>1.788.929.949</u> |
| Ráðstöfun tekjuafgangs á árinu: | | | |
| Arður til Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands | | 607.843.819 | 651.759.370 |
| Arður til Öryrkjabandalags Íslands | | 520.971.773 | 558.610.986 |
| Arður til Ungmennafélags Íslands | | 173.613.843 | 186.157.109 |
| | 15 | <u>1.302.429.435</u> | <u>1.396.527.465</u> |
| Lagt í varasjóð | 15 | 54.077.117 | 59.714.385 |
| Viðbótararður til eignaraðila | | 150.000.000 | 120.000.000 |
| Annað eigið fé, hækkun (lækkun) | | (19.657.621) | 212.688.099 |
| | | <u>1.486.848.931</u> | <u>1.788.929.949</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| Eignir | | | |
|--|--------------|-----------------------------|-----------------------------|
| | Skýr. | 2017 | 2016 |
| Fastafjármunir: | | | |
| Óefnislegar eignir | 11 | 173.719.161 | 199.269.416 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 12,13 | 202.251.000 | 220.947.270 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Bundið fé | 14 | 62.439.075 | 65.946.797 |
| | | <u>62.439.075</u> | <u>65.946.797</u> |
| Veltufjármunir: | | | |
| Viðskiptakröfur | 9 | 388.163.178 | 493.517.386 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 22.483.892 | 20.502.372 |
| Handbært fé | | 1.759.198.624 | 1.721.323.234 |
| | | <u>2.169.845.694</u> | <u>2.235.342.992</u> |
| Eignir samtals | | <u><u>2.608.254.930</u></u> | <u><u>2.721.506.475</u></u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé: | | | |
| Stofnfé eignaraðila | | 3.307.306 | 3.307.306 |
| Varasjóður | | 597.693.137 | 543.616.020 |
| Annað eigið fé | | 1.461.589.289 | 1.481.246.910 |
| | 15,16 | <u>2.062.589.732</u> | <u>2.028.170.236</u> |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 64.026.670 | 59.459.490 |
| Ógreiddir vinningar | | 144.069.735 | 246.724.688 |
| Ógreiddur arður | | 124.452.896 | 156.100.700 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 213.115.897 | 231.051.361 |
| | | <u>545.665.198</u> | <u>693.336.239</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u><u>2.608.254.930</u></u> | <u><u>2.721.506.475</u></u> |

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|-------|------------------|------------------|
| Rekstrarhreyfingar: | | | |
| Tekjuafgangur ársins | 15 | 1.486.848.931 | 1.788.929.949 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 11,12 | 120.312.862 | 116.528.999 |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | (7.500) | (1.081.496) |
| Veltufé frá rekstri | | 1.607.154.293 | 1.904.377.452 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Skammtímaþrófur, (hækkun) lækkun | | 103.372.688 | (150.842.410) |
| Bundið fé, (hækkun) lækkun | | 3.507.722 | (2.963.124) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | (116.023.245) | 146.538.496 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | (9.142.835) | (7.267.038) |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.598.011.458 | 1.897.110.414 |
| Fjárfestingarhreyfingar: | | | |
| Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum | | (77.658.829) | (107.009.275) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 1.600.000 | 4.903.221 |
| Fjárfestingarhreyfingar | 11,12 | (76.058.829) | (102.106.054) |
| Fjármögnunarhreyfingar: | | | |
| Arður til eignaraðila: | | | |
| Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands | | (692.618.849) | (668.350.092) |
| Öryrkjabandalag Íslands | | (593.630.895) | (594.257.630) |
| Ungmennafélag Íslands | | (197.827.495) | (198.036.354) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (1.484.077.239) | (1.460.644.076) |
| Breyting á handbæru fé | | 37.875.390 | 334.360.284 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 1.721.323.234 | 1.386.962.950 |
| Handbært fé í árslok | | 1.759.198.624 | 1.721.323.234 |

Skýringar

Lög og reglur

1. Íslensk getspá var stofnuð samkvæmt heimild í lögum nr. 26/1986, til handa Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands, til að starfrækja talna- eða bókstafagetraunir til eflingar íþróttum og starfsemi í þágu Öryrkjabandalagsins. Heimild þessi nær til ársins 2034.
2. Samkvæmt reglugerðum sem settar hafa verið með hliðsjón af lögum nr. 26/1986, rekur Íslensk getspá fjóra talnagetraunaleiki, en þeir eru Lottó 5/40, Vikinglotto, EuroJackpot og Jóker.

Í reglugerðum um leikina er m.a. að finna ákvæði um vinningshlotfall og skiptingu vinninga. Samkvæmt þeim skal verja 45% af heildarsölu hvernar leikviku í Lottó 5/40, 40% í Vikinglotto og 50% í EuroJackpot til greiðslu vinninga og skiptist vinningsfjárhæðin þannig:

Lottó 5/40:

- 57% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa allar 5 aðaltölur réttar.
- 2,5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta "bónustölu".
- 14,5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
- 17,5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar.
- 8,5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess rétta "bónustölu".

Vikinglotto:

- Vikinglotto er samvinnuverkefni lottófyrtækja á Norðurlöndum, í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Slóveníu.
- Verðmæti vinninga í íslenskum krónum í vinningsflokkum 1 og 2 í Vikinglotto ákvarðast af kaupgengi evru á útdráttardegi. Vinningar í vinningsflokkum 1 og 2 skiptast þannig:
 - Fyrsti vinningur er sameiginlegur hjá þátttökuaðilum og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa 6 aðaltölur réttar og Vikingatöluna. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,110 evrur af andvirði hvers selds leiks til 1. vinningsflokks.
 - Annar vinningur er sameiginlegur hjá þátttökuaðilum og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa 6 aðaltölur réttar. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,018 evrur af andvirði hvers selds leiks til 2. vinningsflokks.
 - 0,032 evrur renna í jöfnunarsjóð sem hefur það hlutverk að tryggja að 1. vinningur verði aldrei undir 3 milljónum evra. Auk þess renna í jöfnunarsjóðinn aumismunur og ósóttir vinningar úr vinningsflokkum 1 og 2.
- 45% af heildarsölu hvernar leikviku hér á landi renna til annarra vinninga, að fráreginni greiðslu Íslenskrar getspár til vinninga í vinningsflokkum 1 og 2. Aðrir vinningar skiptast í vinningsflokka í eftirgreindum hlutföllum:
 - 28% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina Vikingatölu.
 - 7% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar.
 - 12% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
 - 53% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar

EuroJackpot:

- EuroJackpot er samvinnuverkefni lottófyrtækja á Íslandi og í 13 öðrum Evrópulöndum.
- Til vinninga renna 50% af sölu hvernar leikviku og skiptist það þannig:
 - 22% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".
 - 5% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur "stjörnutölum".
 - 1,3% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 5 aðaltölur réttar.
 - 1,2% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".
 - 0,95% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur "stjörnutölum".
 - 0,6% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 4 aðaltölur réttar.
 - 0,85% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".

Skýringar, frh.:

Lög og reglur (frh.)

EuroJackpot (frh.):

- 4,1% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur "stjörnutölum".
- 3,45% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".
- 3,6% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 3 aðaltölur réttar.
- 12% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 1 aðaltölu rétta og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".
- 22,95% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur "stjörnutölum".
- 22% renna í jöfnunarsjóð sem hefur það hlutverk að tryggja að 1. vinningur sé aldrei undir 10 milljónum evra.

Í Jóker eru reglur um vinninga frábrugðnar hinum leikjunum. Þátttakendur velja 5 tölur á bilinu 0 til 9 og röð þeirra í útdrætti. Vinningsfjárhæðir eru 2.000 kr., 10.000 kr., 100.000 kr. og hæst 2.000.000 kr. Reiknað vinningshlutfall er að meðaltali 46,58%. Jóker er ekki sjálfstæður leikur, en eingöngu er hægt að taka þátt í honum ásamt Lottó 5/40, Vikinglotto eða EuroJackpot.

3. Samkvæmt samþykktum félagsins eiga eignaraðilar félagið í eftirtöldum hlutföllum og skal ágóða ráðstafað þannig:

| | |
|--|---------|
| Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands..... | 46,67% |
| Öryrkjabandalag Íslands..... | 40,00% |
| Ungmennafélag Íslands..... | 13,33% |
| | <hr/> |
| | 100,00% |

4. Samkvæmt samþykkt aðalfundar skulu 1,25 % af sölu reikningsársins lögð í varasjóð og nam tillag ársins 54,1 millj. kr.

Reikningsskilaaðferðir

5. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

6. Innlausn tekna

Sala sem tilheyrir reikningsárinu er færð í rekstrarreikninginn þó að útdráttur hafi ekki farið fram. Áfallnir vinningar og annar sölutengdur kostnaður eru færðir í rekstrarreikning.

7. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eignanna.

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna.

9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

10. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar, frh.:

11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

| | Sölukerfi | Samtals |
|-------------------------------|-------------|-------------|
| Stofnverð 1.1.2017 | 304.558.994 | 304.558.994 |
| Keypt á árinu | 39.290.604 | 39.290.604 |
| Stofnv. 31.12.2017 | 343.849.598 | 343.849.598 |
| Afskrifað 1.1.2017 | 105.289.578 | 105.289.578 |
| Afskrift ársins | 64.840.859 | 64.840.859 |
| Afskrifað 31.12.2017 | 170.130.437 | 170.130.437 |
| Bókfært verð 31.12.2017 | 173.719.161 | 173.719.161 |
| Afskriftahlutföll | 20% | |

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteign | Vélar, áhöld og innréttingar | Bifreiðar | Samtals |
|-------------------------------|-------------|------------------------------|--------------|--------------|
| Stofnverð 1.1.2017 | 176.231.952 | 557.887.873 | 17.332.470 | 751.452.295 |
| Keypt á árinu | 3.548.351 | 26.943.874 | 7.876.000 | 38.368.225 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | (4.550.000) | (4.550.000) |
| Stofnv. 31.12.2017 | 179.780.303 | 584.831.747 | 20.658.470 | 785.270.520 |
| Afskrifað 1.1. 2017 | 143.351.616 | 384.171.565 | 2.981.843 | 530.505.024 |
| Afskrift ársins | 1.265.600 | 51.623.982 | 2.582.420 | 55.472.002 |
| Afskrift færð út | 0 | 0 | (2.957.500) | (2.957.500) |
| Afskrifað 31.12.2017 | 144.617.216 | 435.795.547 | 2.606.763 | 583.019.526 |
| Bókfært verð 31.12.2017 | 35.163.088 | 149.036.207 | 18.051.705 | 202.251.000 |
| Afskriftahlutföll | 5% | 20-25% | 15% | |

13. Fasteignamat og váttryggingaverð

Bókfært verð fasteignar félagsins nam 35,2 millj. kr. í árslok 2017 en fasteignamat hennar á sama tíma nam 259,1 millj. kr. Váttryggingaverðmæti eignarinnar nam 907,1 millj. kr. í árslok 2017. Váttryggingarverð annarra varanlegra rekstrarfjármuna nam 98,5 millj. kr. í árslok 2017.

14. Bundið fé

Bundið fé greinist þannig:

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|-------------------|------------|------------|
| Tryggingafé | 62.439.075 | 65.946.797 |

Skýringar, frh.:

15. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Stofnfé eignaraðila | Varasjóður | Annað eigið fé | Samtals |
|---|--------------------------------|--------------------|---------------------------|----------------------|
| Eigið fé 1.1.2016 | 3.307.306 | 483.901.635 | 1.268.558.811 | 1.755.767.752 |
| Tekjuafgangur ársins | | | 1.788.929.949 | 1.788.929.949 |
| Arður til eignaraðila af tekjuafgangi | | | (1.396.527.465) | (1.396.527.465) |
| Viðbótararður til eignaraðila | | | (120.000.000) | (120.000.000) |
| Lagt í varasjóð | | 59.714.385 | (59.714.385) | 0 |
| Eigið fé 31.12.2016 | <u>3.307.306</u> | <u>543.616.020</u> | <u>1.481.246.910</u> | <u>2.028.170.236</u> |
| Eigið fé 1.1.2017 | 3.307.306 | 543.616.020 | 1.481.246.910 | 2.028.170.236 |
| Tekjuafgangur ársins | | | 1.486.848.931 | 1.486.848.931 |
| Arður til eignaraðila af tekjuafgangi | | | (1.302.429.435) | (1.302.429.435) |
| Viðbótararður til eignaraðila | | | (150.000.000) | (150.000.000) |
| Lagt í varasjóð | | 54.077.117 | (54.077.117) | 0 |
| Eigið fé 31.12.2017 | <u>3.307.306</u> | <u>597.693.137</u> | <u>1.461.589.289</u> | <u>2.062.589.732</u> |

Ráðstöfun arðs 2016:

| | Arður af tekjuafgangi | Viðbótararður | Samtals |
|---|----------------------------------|----------------------|----------------------|
| Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands | 651.759.370 | 56.004.000 | 707.763.370 |
| Öryrkjabandalag Íslands | 558.610.986 | 48.000.000 | 606.610.986 |
| Ungmennafélag Íslands | 186.157.109 | 15.996.000 | 202.153.109 |
| Arður alls | <u>1.396.527.465</u> | <u>120.000.000</u> | <u>1.516.527.465</u> |

Ráðstöfun arðs 2017:

| | Arður af tekjuafgangi | Viðbótararður | Samtals |
|---|----------------------------------|----------------------|----------------------|
| Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands | 607.843.819 | 70.005.000 | 677.848.819 |
| Öryrkjabandalag Íslands | 520.971.773 | 60.000.000 | 580.971.773 |
| Ungmennafélag Íslands | 173.613.843 | 19.995.000 | 193.608.843 |
| Arður alls | <u>1.302.429.435</u> | <u>150.000.000</u> | <u>1.452.429.435</u> |

16. Eigið fé skiptist þannig milli eignaraðila:

| | Eignarhluti | Eigið fé |
|---|--------------------|----------------------|
| Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands | 46,67% | 962.610.628 |
| Öryrkjabandalag Íslands | 40,00% | 825.035.893 |
| Ungmennafélag Íslands | 13,33% | 274.943.211 |
| | <u>100,00%</u> | <u>2.062.589.732</u> |